# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur

## 2007

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
Vegmúla 2
108 Reykjavík
Kt. 430269-6589

# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur

# 2007

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar ........................................................ | 2-3 |
| Áritun endurskoðenda ........................................................ | 4 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign ........................................ | 5 |
| Efnahagsreikningur ........................................................ | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi ........................................................ | 7 |
| Skýringar ........................................................ | 8-12 |
| Kennitölur ........................................................ | 13 |

# Skýrsla stjórnar

### Fjöldi sjóðfélaga og fjárhæð móttekinna iðgjalda

Á árinu 2007 greiddu að meðaltali á mánuði 1.021 virkir sjóðfélagar iðgjöld til A-deildar sjóðsins samanborið við 1.131 að meðaltali árið 2006. Virkum sjóðfélögum í desember 2007 þ.e. þeim sem þá greiddu iðgjöld til sjóðsins hafði fækkað um 75 frá desember 2006 eða úr 1.068 2006 í 993. Alls áunnu 1.026 einstaklingar sér rétt vegna dagvinnu á árinu samanborið við 1.076 árið áður. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru samtals 15.802 talsins, 1.692 í A-deild en 14.110 í B-deild (stiga sjóður).

Innheimt heildariðgjöld ásamt mótframlagi launagreiðanda, voru rúmlega 515 m.kr. og hækkuðu lítillega eða um rúm 2,4% á milli ára. Endurgreiðslur eða viðbótariðgjöld hækkuðu hins vegar um rúm 11% eða úr 798 m.kr. í 888 m.kr. árið 2007.

Endurgreiðsluhlutfall greidds lífeyris var að tillögu tryggingastærðfræðings óbreytt frá fyrra ári eða 64%. Þær stofnanir og fyrirtæki sem gert hafa upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar eru eðlilega ekki krafin um hlutdeild í lífeyrisgreiðslum.

Í samræmi við samning um kaup ríkisins á eignarhlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun greiddi borgin stærstan hluta kaupverðsins til lífeyrissjóðsins til að bæta eignastöðu hans á móti lífeyrisskuldbindingum. Greiðsla til sjóðsins vegna þessa var í formi skuldabréfa, útgefnum af ríkissjóði Íslands til 28 ára samtals að fjárhæð rúmar 23.937 m.kr. Skuldabréfin voru móttekin 4. janúar 2007 en við útreikning ávöxtunar sjóðsins er miðað við að eignin hafi verið móttekin í ársbyrjun til samræmis við ofangreindan samning. Að öðrum kosti hefði reiknuð ávöxtun gefið ranga og of háa mynd af afkomu sjóðsins.

### Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu 2007 námu um 1.933 m.kr., sem er rúmlega 11% hækkun frá fyrra ári. Má rekja þá hækkun til fjölgunar lífeyrisþega á árinu 2007 sem og kjarasamningsbundinna hækkana. Að meðaltali fengu 2.509 einstaklingar á mánuði greiddan lífeyri þar af fengu 1.670 ellilífeyri, 359 örorkulífeyri, 443 makalífeyri og 37 barnalífeyri. Samsvarandi tölur fyrir árið 2006 voru: 2.086 að meðaltali á mánuði sem skiptist þannig: 1.617 ellilífeyrir, 352 örorkulífeyrir, 445 makalífeyrir og 40 barnalífeyrir.

### Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 40.279 m.kr. í árslok 2007, en var 13.179 m.kr. í árlok 2006. Megin skýring á þessari miklu hækkun er ofangreind greiðsla Reykjavíkurborgar vegna sölu á eignarhlut sínum í Landsvirkjun. Nafnávöxtun ársins 2007 samkvæmt formúlu Fjármálaeftirlitsins var 14,9% og hrein raunávöxtun 8,5%. Ef miðað er við að áðurnefnd greiðsla Reykjavíkurborgar hefði verið komin 1. janúar 2007 hefði nafnávöxtun sjóðsins verið 10,0% og hrein raunávöxtun 3,9%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar var 5,8% sem er vel viðunandi þar sem sjóðnum hefur verið lokað og lífeyrisgreiðslur eru orðnar hærri en sem nemur iðgjöldum. Lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar með 3,5% stuðli.

### Rekstur

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarkostnaður nam rúmlega 43 m. kr. sem er um 0,11% af hreinni eign samanborið við 0,35% árið áður. Fjárfestingagjöld voru rúmlega 14 m.kr. á móti rúmlega 10 m.kr. árið 2006. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

# Skýrsla stjórnar

**Tryggingafræðileg athugun**

Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings sjóðsins á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í árslok 2007 nam áfallin skuldbinding A-deildar lífeyrissjóðsins 54.062 m.kr. og áfallin skuldbinding B-deildar nam 2.256 m.kr. eða samtals 56.318 m.kr. Samtals hækka áfallnar skuldbindingar um rúm 6%. Í töflu sem er hluti skýringa með ársreikningi er að finna frekari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, m.a. um þá hreinu eign sem sjóðurinn á til að mæta þessari skuldbindingu. Þess ber að geta að borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á afkomu sjóðsins á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. apríl 2008.

**Í stjórn**

Marta Guðjónsdóttir
stjórnarformaður

Björk Vilhelmsdóttir

Jón Kári Jónsson

Sjöfn Ingólfsdóttir

Garðar Hilmarsson

**Framkvæmdastjóri**

Jón G. Kristjánsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2007, efnahag hans 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007 í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 28. apríl 2008.

**Deloitte hf.**

Knútur Þórhallsson
endurskoðandi

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 128.062.585 | 135.625.790 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 386.978.790 | 367.227.597 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (3.759.608) | (3.853.742) |
| Viðbótariðgjöld launagreiðenda | | 888.264.993 | 798.038.067 |
| Uppgjör áfallinna lífeyrisréttinda | | 23.937.877.960 | 870.127.122 |
| | | 25.337.424.720 | 2.167.164.834 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | (1.933.001.541) | (1.737.654.556) |
| | | (1.933.001.541) | (1.737.654.556) |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | 227.179 | (17.027.281) |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 4 | 3.752.437.382 | 1.362.154.795 |
| | | 3.752.664.561 | 1.345.127.513 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (14.372.084) | (10.492.329) |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (43.116.250) | (46.786.485) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | 27.099.599.406 | 1.717.358.977 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 13.179.379.409 | 11.462.020.432 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 40.278.978.815 | 13.179.379.409 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2007

| | Skýr. | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 5 | 2.579.378.595 | 2.056.770.434 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 6 | 36.306.299.415 | 6.147.964.365 |
| Veðlán | 7 | 1.066.182.656 | 1.169.239.309 |
| | | 39.951.860.666 | 9.373.974.108 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 182.731.084 | 3.703.388.512 |
| | | 182.731.084 | 3.703.388.512 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | | 195.789.701 | 192.909.239 |
| | | 195.789.701 | 192.909.239 |
| **Eignir alls** | | 40.330.381.451 | 13.270.271.859 |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | | 51.402.636 | 90.892.450 |
| **Skuldir alls** | | 51.402.636 | 90.892.450 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 40.278.978.815 | 13.179.379.409 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2007

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 25.178.174.088 | 2.027.136.751 |
| Fjárfestingartekjur | | 2.329.662.299 | 742.855.815 |
| Afborganir verðbréfa | | 4.277.438.971 | 252.832.974 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 895.275.688 | 920.613.343 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 1.062.862.864 | 515.136.503 |
| | | 33.743.413.910 | 4.458.575.386 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | (1.933.001.541) | (1.736.090.976) |
| Fjárfestingargjöld | | (14.372.084) | (10.492.329) |
| Rekstarkostnaður án afskrifta | | (33.827.764) | (79.181.849) |
| | | (1.981.201.389) | (1.825.765.154) |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á veðbréfum og annarri fjárfestingu | | 31.762.212.521 | 2.632.810.232 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | (3.662.977.698) | (1.467.932.210) |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | (28.096.354.361) | (1.131.530.945) |
| | | (31.759.332.059) | (2.599.463.155) |
| Hækkun á sjóði og veltiinnlánum | | 2.880.462 | 33.347.077 |
| Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun | | 192.909.239 | 159.562.162 |
| **Sjóður og veltiinnlán í árslok** | | 195.789.701 | 192.909.239 |

# Skýringar

## Starfsemi

1. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs.

   Þann 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998, er heimilt að greiða áfram til hans. Launþegar greiða 4% og launagreiðendur 6% af iðgjaldastofni sem er föst laun fyrir dagvinnu að viðbættri persónuuppbót og orlofsframlagi.

   Almennur réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 65 ára, enda láti hann þá af starfi. Sjóðfélaga er heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður sjóðfélagaaldur hans og lífaldur er 95 ár eða meira, en þó aldrei fyrr en hann er orðinn 60 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri er hann verður fyrir orkutapi sem metið er á 10% eða meira. Látist sjóðfélagi á eftirlifandi maki rétt á lífeyri ævilangt og börn til 18 ára aldurs. Sjóðfélagi ávinnur sér 2% rétt á ári fyrir fullt starf og miðast lífeyrir við lokalaun sjóðfélagans í starfi. Þau laun taka breytingum samkvæmt vísitölu fastra dagvinnulauna opinberra starfsmanna eða, kjósi sjóðfélagi sem lætur af starfi til að hefja töku lífeyris, samkvæmt launum eftirmanns. Réttindin eru föst og ábyrgist Reykjavíkurborg og hlutaðeigandi stofnanir skuldbindingar sjóðsins.

## Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga líferyissjóða. Í öllum meginatriðum er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings árið áður.

3. Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur vreðbréf með föstum vöxtum eða tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum.

   Skráð verðbréf með breytilegum tekjum eru eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum eru færð til eignar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok, hvort sem lægra er.

   Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu.

4. Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða kostnað við eignaumsýslu eða annan rekstur sjóðsins.

## Lífeyrir

6. Lífeyrir greinist þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 1.367.234.342 | 1.203.036.953 |
| Makalífeyrir | 435.969.564 | 418.535.487 |
| Örorkulífeyrir | 126.699.181 | 112.697.700 |
| Barnalífeyrir | 3.098.454 | 3.384.416 |
| | 1.933.001.541 | 1.737.654.556 |
| | | |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 2.508 | 2.454 |

## Fjárfestingartekjur

7. Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

| | 2007 | 2006 |
|---|---|---|
| Af verðbréfum með breytilegar tekjur | (87.055.271) | 209.604.870 |
| Af verðbréfum með fastar tekjur | 3.547.113.608 | 913.205.568 |
| Af veðlánum | 137.906.623 | 147.097.667 |
| Að öðrum liðum | 154.472.422 | 92.246.690 |
| | 3.752.437.382 | 1.362.154.795 |

## Fjárfestingar

8. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Skráð innlend hlutabréf | 39.629.240 | 17.143.298 |
| Óskráð erlend hlutabréf | 7.970.598 | 0 |
| Innlend hlutdeildarskírteini | 1.685.859.645 | 1.516.059.181 |
| Erlend hlutdeildarskírteini | 845.919.112 | 523.567.955 |
| | 2.579.378.595 | 2.056.770.434 |

Eignarhlutdeild í einstökum félögum er undir 2% og bókfært virði undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris.

9. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 30.327.380.481 | 4.352.094.085 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 56.203.290 | 147.856.000 |
| Skuldabréf lánastofnana | 718.973.329 | 1.057.096.856 |
| Skuldabréf fyrirtækja | 5.203.742.315 | 590.917.424 |
| | 36.306.299.415 | 6.147.964.365 |
| Áætlað markaðsverð | 35.628.574.105 | 6.167.810.184 |

10. Veðlán greinast þannig:

| | 31.12.2007 | 31.12.2006 |
|---|---|---|
| Veðlán til sjóðfélaga | 1.066.182.656 | 1.169.239.309 |

## Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

11. Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | Verðbréf með föstum tekjum | Verðbréf með breytil. tekjum | Veðlán | Samtals 31.12.2007 | Samtals 31.12.2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslenskar krónur (ISK)..................... | 36.306.299.415 | 1.888.424.285 | 1.066.182.656 | 39.260.906.356 | 8.889.321.812 |
| Bandaríkjadollarar (USD)............... | 0 | 8.671 | 0 | 8.671 | 0 |
| Evrur (EUR)..................................... | 0 | 682.975.041 | 0 | 682.975.041 | 475.394.817 |
| Sænskar krónur (SEK)..................... | 0 | 7.970.598 | 0 | 7.970.598 | 9.257.479 |
| | 36.306.299.415 | 2.579.378.595 | 1.066.182.656 | 39.951.860.666 | 9.373.974.108 |

## Þóknanir

12. Heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnar greinist þannig:

| | 2007 |
|---|---|
| Alfreð Þór Þorsteinsson, stjórnarformaður ........................ | 744.000 |
| Benedikt Geirsson ........................ | 372.000 |
| Garðar Hilmarsson ........................ | 372.000 |
| Sjöfn Ingólfsdóttir ........................ | 372.000 |
| Steinunn Valdís Óskarsdóttir ........................ | 372.000 |
| | 2.232.000 |

Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:

| | 2007 |
|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings ........................ | 592.833 |
| Innri endurskoðun ........................ | 445.881 |
| Önnur sérfræðiaðstoð ........................ | 40.944 |
| | 1.079.658 |

## Tryggingafræðileg athugun

13. Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok 2007 greinist þannig (í milljónum króna):

| A - deild: | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2007 | Samtals 31.12.2006 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 37.769 | 0 | 37.769 | 11.177 |
| Endurmat verðbréfa | 3.022 | 0 | 3.022 | 584 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar | (192) | 0 | (192) | (15) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 3.128 | 3.128 | 3.350 |
| Eignir alls | 40.598 | 3.128 | 43.727 | 15.096 |
| Ellilífeyrir | 40.214 | 7.250 | 47.464 | 45.393 |
| Örorkulífeyrir | 1.655 | 253 | 1.908 | 1.954 |
| Makalífeyrir | 11.109 | 1.566 | 12.674 | 12.335 |
| Barnalífeyrir | 56 | 0 | 56 | 56 |
| Rekstrarkostnaður | 1.029 | 237 | 1.265 | 1.088 |
| Skuldbindingar alls | 54.062 | 9.306 | 63.368 | 60.826 |
| Skuldbindingar umfram eignir | 13.463 | 6.178 | 19.641 | 45.730 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 24,9% | 66,4% | 31,0% | 75,2% |

| B - deild: | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2007 | Samtals 31.12.2006 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 2.099 | 0 | 2.099 | 2.003 |
| Endurmat verðbréfa | 168 | 0 | 168 | 105 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar | (11) | 0 | (11) | (3) |
| Eignir alls | 2.256 | 0 | 2.256 | 2.105 |
| Ellilífeyrir | 1.803 | 0 | 1.803 | 1.666 |
| Örorkulífeyrir | 338 | 0 | 338 | 337 |
| Makalífeyrir | 72 | 0 | 72 | 66 |
| Rekstrarkostnaður | 43 | 0 | 43 | 36 |
| Skuldbindingar alls | 2.256 | 0 | 2.256 | 2.105 |
| Skuldbindingar umfram eignir | (0) | 0 | (0) | 0 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | (0,0%) | 0,0% | (0,0%) | 0,0% |

| A og B - deildir samtals: | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2007 | Samtals 31.12.2006 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 39.867 | 0 | 39.867 | 13.179 |
| Endurmat verðbréfa | 3.190 | 0 | 3.190 | 689 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar | (203) | 0 | (203) | (18) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 3.128 | 3.128 | 3.350 |
| Eignir alls | 42.854 | 3.128 | 45.983 | 17.201 |
| | | | | |
| Ellilífeyrir | 42.017 | 7.250 | 49.267 | 47.059 |
| Örorkulífeyrir | 1.993 | 253 | 2.246 | 2.291 |
| Makalífeyrir | 11.181 | 1.566 | 12.746 | 12.401 |
| Barnalífeyrir | 56 | 0 | 56 | 56 |
| Rekstrarkostnaður | 1.072 | 237 | 1.308 | 1.123 |
| Skuldbindingar alls | 56.318 | 9.306 | 65.624 | 62.930 |
| | | | | |
| Skuldbindingar umfram eignir | 13.463 | 6.178 | 19.641 | 45.730 |
| | | | | |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 23,9% | 66,4% | 29,9% | 72,7% |

# Kennitölur

| | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 14,9% | 11,0% | 7,3% | 7,5% | 13,5% |
| Hrein raunávöxtun | 8,5% | 3,8% | 3,1% | 3,5% | 10,5% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 5,8% | 4,8% | 4,4% | 3,7% | 3,7% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 6,2% | 21,4% | 17,3% | 14,5% | 16,4% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 0,3% | 0,5% | 0,4% | 0,4% | 0,8% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 17,1% | 58,0% | 64,2% | 57,8% | 16,0% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 73,8% | 7,6% | 1,2% | 0,2% | 0,6% |
| Veðlán | 2,7% | 12,5% | 16,9% | 27,1% | 66,2% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlun** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 98,3% | 96,3% | 98,6% | 97,7% | 99,5% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 1,7% | 3,7% | 1,4% | 2,3% | 0,5% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 1.090 | 1.212 | 1.364 | 1.415 | 1.555 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 2.508 | 2.454 | 2.086 | 2.019 | 1.942 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 70,7% | 69,2% | 68,8% | 68,4% | 68,2% |
| Örorkulífeyrir | 22,6% | 24,1% | 24,4% | 7,0% | 6,5% |
| Makalífeyrir | 6,6% | 6,5% | 6,6% | 24,3% | 25,0% |
| Barnalífeyrir | 0,2% | 0,2% | 0,2% | 0,3% | 0,3% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt** | | | | | |
| Heildarskuldbinding umfram hreina eign | 29,9% | 72,7% | 71,8% | 70,5% | 70,1% |
| Áfallin skuldbinding umfram hreina eign | 23,9% | 73,9% | 73,0% | 71,9% | 72,3% |
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign | 0,1% | 0,4% | 0,4% | 0,4% | 0,3% |